

## Minnisblað – OS nr. 2210026

Til: Byggðarráðs og atvinnumálanefndar  
Frá: Vinnuhópur um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal  
Efni: *Uppbygging atvinnuhúsnæðis – stöðuskýrsla vinnuhóps*  
Dags.: 27.11.2023

---

Atvinnumálanefnd skipaði vinnuhóp um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal í febrúar 2023.

### Hópin er skipaður eftirtöldum aðilum:

- Garðar Freyr Vilhjálmsson – formaður hóps
- Bjarnheiður Jóhannsdóttir - nefndarmaður
- Sigmundur Hagalín Sigmundsson – nefndarmaður
- Sigurður Ólafsson – nefndarmaður
- Ólafur Sveinsson – starfsmaður
- Kristján Ingi Arnarsson - starfsmaður

### Haldnir voru fjórir fundir:

- 18. apríl – undirbúningur og forsendur
- 1. júní – samantekt á áhugasömum eftir auglýsingu og frumhönnun (stærð, hæð o.fl.)
- 24. ágúst – farið yfir tillögur frá hönnuði og kostnaður rýndur
- 22. Nóvember – yfirferð á uppfærðum gögnum og samantekt á vinnu hóps

Eftir auglýsingu kom í ljós að eftirspurn var eftir tveimur gerðum af húsnæði. Annars vegar hærri byggingu fyrir stór tæki með aðgengi fyrir t.d. trailera og svo lægri byggingu með blandaðri notkun (geymslur, vinnuaðstaða o.þ.h). Hópurinn ákvað að einblína vinnu sína við lægri bygginguna þar sem hún félli betur að verkefninu og fleiri aðilar komu þar að.

Haraldur S. Árnason hjá H.S.Á. teiknistofa var ráðinn til að vinna forhönnun 600 m<sup>2</sup> iðnaðarhúss með 5m veggghæð, límtrésburðarvirki og yleiningar. Eftir skoðun á lóðaframboði við lðjubraut var ákveðið að lóð 14-16 mynd henta best, en breikka þarf lóðina til að ná fram hagræði í byggingu og nýtingu lóðar. Erindi var sent til skipulagsnefndar sem tók jákvætt í erindið.

### Framgangur verkefna samkvæmt erindisbréfi:

- Að eiga samtal við áhugasama byggingaraðila/kaupendur að atvinnuhúsnæði
  - Auglýst í Bændablaðinu, Skessuhorni og á miðlum Dalabyggðar
  - Tekið við umsóknum og áhugasamir aðilar boðið á fundi og send gögn jafnóðum.
- Framkvæma þarfagreiningu út frá samtölum, fundum og gögnum
  - Söfnun upplýsinga (m<sup>2</sup>, stærð, notkun...) frá áhugasömum eftir auglýsingu.
- Taka saman gögn um framkvæmdarsvæðið
  - Ákvörðun um hentuga lóð. Verður tekin prufuhola.
- Safna upplýsingum um mögulegar útfærslur framkvæmda og mismunandi byggingar
  - Samtöl við reynda aðila og hönnuð.
- Safna upplýsingum um mögulegan kostnað út frá þarfagreiningu
  - Áætlað um 350 þ.kr./m<sup>2</sup> fyrir fullbúið hús með malbikuðu plani, reynslutala frá hönnuði.
- Gera tillögu að nýtingu fjármuna (5 m.kr. styrk úr C1, byggðaráætlun)
  - Lokið - auglýsingakostnaður
  - Lokið - ráðgjafi í forhönnun vinnuhóps og gróf kostnaðaráætlun
  - Tillaga ráðstöfun - fullnaðarhönnun 600m<sup>2</sup> húsnæðis

Vinnuhópurinn leggur til að myndaður verði nýr hópur með fulltrúum húsbyggjenda og hagaðila (t.d. Dalabyggð og SSV). Áhugasamir skuldbindi sig til þátttöku og framhaldi stofnað félag sem mun sjá um að koma verkefninu á framkvæmdarstig.